

EFTIRLITSSKÝRSLA

Veiðifélag Landmannafréttar Götu



Dags eftirlits	24.11.2023	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Margrét Viðarsdóttir
Fyrirtæki	Veiðifélag Landmannafréttar	Eftirlitsmaður	Halla Margrét Viðarsdóttir
Heimili	Hjallanesi 2, Rangárþing ytra	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	630580-0999	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Vignir Þorsteinsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Vilborg Smáradóttir	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Þrjú frávík komu fram við eftirlit. Þau varða að skila ber ársyfirliti til Umhverfisstofnunar einu sinni á ári, þ.m.t. niðurstöður vöktunar. Skila þarf ársyfirlit til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Skila þarf umhverfisupplýsingum árlega, einnig fyrir 1. maí ár hvert.

Ein ábending er lögð fram er varðar umhverfisásýnd starfstöðvar.

UMFANG EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit í seiðaeldisstöð Veiðifélags Landmannafréttar í Götu í samræmi við 57. gr reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Starfsleyfi rekstraraðila var gefið út þann 20. maí 2021.

Hámarkslífmassi eldisstöðvar miðast við 50 kg af laxfiskum (urriða) á hverjum tíma, í Götu fer fram seiðaeldi. Frárennsli rennur í skurð sem liggur í Steinslæk 2 (vatnshlot nr. 103-749-5). Steinslækur tilheyrir vatnasviði Þjórsár. Hreinsivirki í frárennsli er 10.000 lítra settankur. Allt eldi er innandyrá, annars vegar í klakhúsi og hins vegar í seiðastöð (frumfóðrun). Þegar seiðin ná u. þ.b. 10 gr. þyngd eru þau flutt í áframeldis í stöðinni í Galtalæk 2. Gildistími starfsleyfis er til 20. maí 2037.

Umfang eftirlits var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Farið yfir starfsleyfið og minnt á skil skv. því
- Áætlanir og viðbrögð
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna
- Kynning á fylgiskjölum fundarboðs
- Vettvangsskoðun á starfsvæði rekstraraðila

Engin opin frávík eru útistandandi úr fyrri eftirlitum. Var rekstraraðila bent á í síðasta eftirliti að mæla skal heildarfosfór og heildarköfnunarefni tvisvar á ári, við hámarkslífmassa og við lágmarkslífmassa. Að auki er gert ráð fyrir að mæla þurfi svifagnir og lífrænt efni (TOC, COD eða BOD₅).

Engar breytingar eru fyrirhugaðar hjá rekstraraðila. Nýr tengiliður fyrir rekstraraðila hefur tekið til starfa. Nýr tengiliður sem og stöðvastjóri fengu leiðbeiningar í eftirliti hvaða skyldum ber að fylgja skv. starfsleyfi. Vantar inn skil á ársyfirliti sem skila átti inn 1. maí síðastliðinn vegna ársins 2022, þ.m.t. niðurstöður frá vöktunar/losunarmælingum ásamt öðrum skráningum. Var rekstraraðili beðinn um að taka saman allar þær upplýsingar sem krafist er á um í starfsleyfi og setja saman í ársyfirlit og senda til eftirlitsaðila við fyrsta tækifæri. Verður því fylgt eftir.

Að auki var rekstraraðili beðinn um að skila upplýsingum til eftirlitsaðila um eftirfarandi atriði; áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar (tímabundna og varanlegrar rekstrarstöðvunar) og

áætlun um meðhöndlun úrgangs (dauðfisks og annars úrgangs).

Fékk rekstraraðili kynningu á málefnum fylgiskjala fundarboðs eftirlits, þ.e. á breyttri gjaldskrá Umhverfisstofnunar, breytingu á fyrirkomulagi eftirlita stofnunarinnar og kynningu á áhersluverkefninu, um menguðum jarðveg.

Ekki er tilefni til athugasemda vegna starfsstöðvar né frárennslis.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
4.3 í starfsleyfi:	Taka skal skýni og mæla efnainnihald vatns við inntak í stöðina og í útrás frárennslis (3 ára fresti). Mæla skal magn heildarfosfórs (P-total) og heildarköfnunarefnis (N-total) við inntak vatns í stöðina og við útrás frárennslis 2x á ári, annars vegar við hámarksfóðrun og lágmarksfóðrun hins vegar. Niðurstöðum mælinga skal skilað árlega til eftirlitsaðila.
4.4. í starfsleyfi:	Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert (fyrir undangengið almanaksár). Í yfirlitinu skulu koma fram niðurstöður mælinga og skráninga, sbr. kröfum í 3, 4 og 5 kafla. Vantar inn skil ársins 2023, vegna ársins 2022.
4.5. í starfsleyfi:	Rekstraraðili skal skila árlega umhverfisupplýsingum til Umhverfisstofnunar um losun mengandi efna frá starfsstöðinni, skv. 34. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Vantar inn skil ársins 2023, vegna ársins 2022.

ÁBENDINGAR

Ker og lausamunir hafa fokið til umhverfis stöðina og safnast í lægðum. Tryggja þarf að að ekki sé hætt á frekara foki með því að festa eða fjarlægja búnað sem getur fokið til.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík,

Halla Margrét Viðarsdóttir

Halla Margrét Viðarsdóttir

